

Nr. 26.
20.
október.

L ö g

um breyting á lögum nr. 18, 9. júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kinnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sjóðurinn fær 2500 kr. styrk úr landssjóði á ári hverju, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 kr. Innan þess tíma má ekki verja öðru til árlegra útgjalda en vöxtum af sjóðnum. Árgjaldið úr landssjóði fellur niður þegar sjóðurinn er orðinn 50000 kr.

2. gr.

Kennarafjelagið kýs í stjórnarnefnd sjóðsins þann manninn, er stjórnarráðið hefir hingað til nefnt beint í nefndina.

3. gr.

Andist kennari, er átti rjett til styrks úr sjóðnum, má eftir atvikum veita ekkju hans, eða, sje hún ekki til, þá eftirlátnum börnum hans á ómagaaldri, styrk þann, er hinn látni hefði getað orðið aðnjótandi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.